

Vaxtabréf

Skuldabréfasjóður

30. september 2025

Um sjóðinn


Gengi: 114,67

Vaxtabréf hs. er sérhæfður sjóður ætlaður almennum fjárfestum, bæði einstaklingum og lögaðilum, sem og fagfjárfestum og hentar þeim sem vilja fjárfesta í dreifðu safni innlendra skuldabréfa. Sjóðurinn hæfir þeim sem hyggjast ávaxta fé sitt í tvö ár eða lengur.

Fjárfestingarstefna

Sjóðurinn hefur heimild til að fjárfesta í íslenskum skuldabréfum og víxlum útgefnum af ríkissjóði, sveitarfélögum, opinberum stofnunum, fjármálafyrirtækjum og fyrirtækjum. Að auki hefur sjóðurinn heimild til að fjárfesta í íslenskum innlánum fjármálafyrirtækja og öðrum peningamarkaðsgerningum.

Eignasamsetning




Stærstu útgefendur

Ríkissjóður Íslands	35%
Íslandsbanki hf.	15%
Reykjavíkurborg	14%
Arion banki hf.	12%
Landsbankinn hf.	10%
Kaldalón hf.	6%
Útgerðarfélag Reykjavíkur hf	3%
Eik fasteignafélag hf.	2%
Brim hf.	1%
Lánasjóður sveitarfélaga	1%

Fjárfestingarheimildir og eignasamsetning

	Vægi	Staðan
Skuldabréf og víxlar með ábyrgð ríkissjóðs Íslands	25-100%	35%
Sértryggð skuldabréf útgefin af bönkum	0-50%	20%
Peningamarkaðsgerningar og innlán fjármálafyrirtækja	0-50%	2%
Önnur skráð skuldabréf	0-50%	43%
Sveitarfélög og opinberar stofnanir og fyrirtæki	0-30%	14%
Önnur skuldabréf fjármálafyrirtækja	0-30%	17%
Skuldabréf og víxlar fyrirtækja	0-20%	12%

Gengisþróun



* Skuldabréfavísitala (vísitalan) er ríkisskuldabréfavísitala Kauphallar Íslands NOMXIBTA.

Ávöxtun m.v.

30.9.2025

	Vaxtabréf	Vísitala*	Vísitala*
1 mánuður	0,76%	1,03%	á ársgrundvelli
3 mánuðir	1,68%	2,26%	
6 mánuðir	3,76%	3,21%	
1 ár	7,86%	6,17%	sl. 1 ár 6,17%
Frá stofnun*	14,67%	12,41%	sl. 2 ár 7,90%
2024	8,44%	7,40%	sl. 3 ár 5,37%
2023		3,85%	sl. 4 ár 3,20%
2022		-2,89%	sl. 5 ár 2,52%
2021		1,22%	
2020		6,15%	

* Vaxtabréf hóf starfsemi 4. janúar 2024

Ávöxtun í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um ávöxtun í framtíð

Vaxtabréf

Aðrar upplýsingar

Stærð	2381 m.kr.
Meðallíftími	3,8 ár
Verðtryggingarhlutfall	34%
Fjárfestingartími	Tvö ár eða lengur
Áhættuflokkun	Flokkun 2 af 7
Viðskiptatími	Virkir dagar fyrir kl. 13.
Uppgjörstími	Tveir viðskiptadagar (T+2)
Gengisútreikningur	Daglega
Kostnaður við kaup	Hámark 0,80%
Umsýslubóknun	0,75%
Annar árlegur kostnaður	Hámark 0,40%
Sjóðstjórn	Vanesa Hoti, sjóðstjóri
Vörsluaðili	T Plús hf.

Um Arctica sjóði hf.

Félagið Arctica sjóðir hf. var stofnað 2021 og starfar samkvæmt heimild og undir eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Um starfsemina gilda lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða nr. 45/2020.

Arctica sjóðir reka sérhæfða sjóði sem fjárfesta í skuldabréfum og hlutabréfum. Sjóðirnir eru bæði sjóðir fyrir almenna fjárfesta og fyrir fagfjárfesta. Arctica sjóðir hafa gert samning

Fyrirvari

Kaup á hlutdeildarskírteinum eru í eðli sínu áhættufjárfesting sem byggir á væntingum en ekki lofordum. Fjárfestum er því sérstaklega bent á að kynna sér vel umfjöllun um áhættuþætti sem er að finna í útboðslýsingu sjóðsins.

Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingu í fjármálagerningum, þ.m.t. hlutdeildarskírteinum sjóðsins, fylgir áhætta. Ávöxtun hlutdeildarskírteina sjóðsins kann að sveiflast mjög frá einum tíma til annars. Þá getur verðmæti hlutdeildarskírteina lækkað og fjárfestar tapað fjárfestingu sinni að hluta eða öllu leyti. Bent er á að innstæður sjóða um sameiginlega fjárfestingu njóta ekki tryggingarverndar samkvæmt lögum nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Nánari upplýsingar um áhættuþætti má finna í útboðslýsingu sjóðsins.

Vaxtabréf hs. er sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta og hlutdeildarsjóður sem starfræktur er í samræmi við ákvæði laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, sbr. einkum IX. og X. kafla þeirra laga. Sjóðurinn hefur eingöngu heimild til markaðssetningar á Íslandi.

Fjárfesting í hlutdeildarskírteinum Vaxtabréfa hs. er á ábyrgð hvers fjárfestis fyrir sig. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér efni útboðslýsingar sjóðsins af kostgæfni, sem og reglur hans. Fjárfestingarheimildir sérhæfðra sjóða eru rýmri og geta sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta því verið áhættusamari en verðbréfasjóðir. Fjárfestar verða að treysta eigin dómgreind vegna fjárfestinga í hlutdeildarskírteinum sjóðsins með tilliti til væntinga um ávöxtun, eigin aðstæðna, ytri aðstæðna og áhættu sem í fjárfestingunni felst.

Engin trygging er fyrir því að nokkrar af þeim spám eða fyrirætlunum sem lýst kann að vera gangi eftir. Sérhver yfirlýsing sem vísar til áætlaðrar eða væntrar framtíðarafkomu eða starfsemi, byggir á núverandi upplýsingum og gögnum. Framtíðarspár og fyrirætlanir eru ávallt háðar ýmsum áhættum og óvissuþáttum sem gætu leitt til verulega breyttra niðurstaðna er aftur gæti leitt til umtalsverðra áhrifa á útkomu og fjárhagslega afkomu. Öllum spám og fyrirætlunum ber því að taka með fyrirvara og skal á engan hátt skoða sem loford um árangur eða ávöxtun.

Ávöxtun í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um ávöxtun í framtíð.

Áhætta fylgir fjárfestingum í fjármálagerningum þar sem gengi þeirra getur sveiflast, lækkað jafnt sem hækkað. Viðskiptavinir eru hvattir til að kynna sér vel áhættur tengdum fjármálagerningum sem nálgast má á heimasíðunni.